

Nefndarálit

um till. um þál. um heilsuvernd í framhaldsskólum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið. Tillaga þessi var send út til umsagnar á 126. þingi og bár-ust þá umsagnir frá Félagi íslenskra framhaldsskóla, Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa, tóbaksvarnanefnd, dómsmálaráðuneyti, Barnageðlæknafélagi Íslands, Félagi íslenskra heim-
ilislækna, Íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands, landlæknisembættinu, Rauða krossi Íslands, Ungmennafélagi Íslands, áfengis- og vímuvarnaráði, Stéttarfélagi sálfræðinga á Íslandi, Tryggingastofnun ríkisins, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Félagi náms- og starfsráð-
gjafa, menntamálaráðuneyti og Félagi íslenskra sjúkraþjálfara.

Nefndin tekur undir efnisatriði tillögugreinarinnar sem og þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með henni. Nefndin telur eðlilegt að efni tillögunnar verði skoðað samhliða til-
lögu um unglíngamóttöku og getnaðarvarnir, 317. mál, tillögu um mótun heildarstefnu um
uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana, 233. mál, og tillögu um átraskanir, 337. mál.
Nefndin telur að þeirri stefnumótun sem gerð er tillaga um að ráðist verði í megi finna stað
í starfi á vegum heilbrigðisráðherra um þróun og skipulag verkefna heilsugæslunnar og legg-
ur því til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Ólafur Örn Haraldsson, Einar Oddur Kristjánsson og Lára Margrét Ragnarsdóttir voru
fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. apríl 2002.

Jónína Bjartmarz,
form., frsm.

Ásta Möller.

Katrín Fjeldsted.

Ásta R. Jóhannesdóttir.

Margrét Frímansdóttir.

Þuríður Backman.

Prentað upp.